

innar hafi farið yfir stefnanda. Að þessu athuguðu svo og atvikum að öðru leyti þykir verða talið í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar hefði eigi getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í lagi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helgu Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 184/1967: **Sigurður Ingvar Hannesson og Sigríður Friðriksdóttir**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Dánar- og félagsbúi Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur, Valdemar, Stefáni og Ívari Hannessonum og Freyju Rögnu Gamalielsdóttur f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu Ragnarsdóttur og Hannesar Ragnarssonar og ófjárráða dóttursona, Ragnars og Sigurðar Magnússona

(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skipti. Krafa í dánar- og félagsbú.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á.

Dómkröfur áfrýjanda Sigurðar Ingvars Hannessonar eru þær, að hann fái greidda skuld að fjárhæð kr. 120.451.44 ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1964 til greiðsludags, af eignum dánar- og félagsbús Hannesar Sigurðssonar og Ingunnar Ívarsdóttur.

Af hálfu beggja áfrýjenda er þess krafizt, að öllum hinum stefndu, öðrum en dánarbúinu, verði dæmt að greiða óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti krefjast áfrýjendur staðfestingar úrskurðar skiptadóms.

Stefndu krefjast staðfestingar úrskurðar skiptadóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Samkvæmt þessum kröfugerðum aðilja er aðeins ágrein- ingur um kröfu Sigurðar Ingvars Hannessonar á hendur dánarbúinu að fjárhæð kr. 138.361.44, en upp í hana hafa verið greiddar kr. 17.907.00 ($52.200.00 \div 34.293.00$). Eftir öllum atvikum þykir mega fallast á úrlausn skiptadóms og taka kr. 30.000.00 af kröfunni til greina. Skal því greiða Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.093.00 af eignum dánar- búsins. Að öðru leyti verður hinn áfrýjaði úrskurður stað- festur.

Rétt þykir að taka til greina kröfu áfrýjanda Sigurðar Ingvars um málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður þar niður.

Dómsorð:

Greiða skal áfrýjanda Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.093.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1965 til greiðslu- dags af eignum dánar- og félagsbús Hannesar Sigurðs- sonar og Ingunnar Ívarsdóttur. Að öðru leyti er hinn áfrýjaði úrskurður skiptadóms staðfestur.

Stefndu, Valdemar, Stefán og Ívar Hannessyni og Freyja Ragna Gamalielsdóttir f. h. barna hennar, Sig- rúnar Heiðu Ragnarsdóttur og Hannesar Ragnarssonar, og ófjárráða dóttursona, Ragnars og Sigurðar Magnús-

sona, greiði áfrýjanda Sigurði Ingvari Hannessyni kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 1. nóvember 1966.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigríðar Friðriksdóttur, Ánanausti E hér í borg, eru þær réttarkröfur gerðar, að viðurkenndur verði gagnvart búinu eignarréttur hennar að $\frac{1}{2}$ hluta húseignarinnar Ánanaust E ásamt meðfylgjandi lóð að tiltölu, en að undanskilinni viðbyggingu, eign sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars Hannessonar.

Af hálfu sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars Hannessonar, Ánanausti E, eru þessar réttarkröfur gerðar: Að viðurkenndur verði gagnvart búinu eignarréttur hans að viðbyggingu við húsið Ánanaust E, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að $\frac{1}{4}$ hluta búsins alls og að hann fái greiddar úr búinu kr. 120.454.44 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1964 til greiðsludags.

Þá er þess krafizt, að varnaraðiljum Valdemar Hannessyni, Stefáni Hannessyni, Ívari Hannessyni og Freyju Rögnu Gamalielsdóttur f. h. barna hennar, Sigrúnar Heiðu og Hannesar, og dóttursona hennar, Ragnars og Sigurðar Magnússona, verði in solidum gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðiljarnir hafa gert þessar réttarkröfur: Að hafnað verði með öllu kröfum sóknaraðiljans Sigurðar I. Hannessonar fram yfir hans lögmæta arfahluta, að hafnað verði kröfum sóknaraðiljans Sigríðar Friðriksdóttur að öðru leyti en við kemur eignarrétti hennar að móðurarfahluta varnaraðiljans Stefáns Hannessonar og loks að sóknaraðiljum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Skiptaréttarmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 18. október s.l.

Hinn 16. apríl 1929 andaðist hér í borg Ingunn Ívarsdóttir, Ánanausti E. Eiginmaður hennar, Hannes Sigurðsson, andaðist 20. júlí 1957. Félagsbúi þeirra hjónanna var ekki skipt að Ingunni látinni, en viðurkennt er í málinu, að Hannes aflaði ekki leyfis til setu í óskiptu búi.

Uppskrift á eignum dánar- og félagsbús þessa fór fram 27. nóvember 1959. Þar var upplýst, að erfingjarnir væru þessir: Fjárráða synir hinna látnu, Sigurður Ingvar Hannesson, Ána-

nausti E, Valdimar Hannesson, Garðaholti í Garðahreppi, Stefán Hannesson, Arabæ í Gaulverjabæjarhreppi, og Ívar Hannesson, Granaskjólí 11, enn fremur ófjárráða börn Ragnars, sonar hinnar látnu, María Katrín, Sigrún Heiða og Hannes, þá öll búsett að Kaplaskjólsvégi 62 á vegum móður sinar, Freyju Rögnu Gamalielsdóttur. María Katrín Ragnarsdóttir er nú látin og lætur eftir sig 2 ólögráða börn, Ragnar og Sigurð Magnússyni.

Við uppskriftina var bent á sem eignir búans húseignina Ánanaust E, hús og tilheyrandi eignarlóð, samtals að fasteignamati kr. 81.500.00. Erfinginn Sigurður Ingvar Hannesson mótmælti því, að búið ætti eign þessa, og hefði sambýliskona hans, Sigríður Friðriksdóttir, keypt eignina af föður hans, Hannesi Sigurðssyni, árið 1937 fyrir 7.000.00 kr. og greitt eitthvað af kaupverðinu til Stefáns Hannessonar. Þessari yfirlýsingu var mótmælt við uppskriftina.

Þá komu fram við uppskrift þessa sem eignir búans 2 sparijóðsbækur með innstæðum samtals kr. 249.57. Á aðrar eignir var ekki bent. Bókað er í uppskriftargerð, að búið sé skuldlaust, og var það síðan tekið til opinberra skipta.

Á skiptafundi í búinu hinn 6. desember 1962 lét Sigurður I. Hannesson bóka, að hann teldi Sigríði Friðriksdóttur eiganda allrar eignarinnar Ánanausts E. Var þeirri staðhæfingu enn mótmælt af öðrum erfingjum, og var ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál skyldi rekið um þennan ágreining. Í skiptaréttarmálinu var, eins og að framan getur, að miklu leyti fallið frá þessari staðhæfingu af hálfu Sigríðar Friðriksdóttur.

Sóknaraðilinn Sigríður Friðriksdóttir vísar fyrst og fremst til yfirlýsingar varnaraðiljans Stefáns Hannessonar, sem lögð er fram í málinu sem rskj. 1 og er á þessa leið:

„Ég undirritaður viðurkenni, að hafa fengið greiddan minn hluta í eigninni Ánanaust E, Rvk., af kaupanda Sigríði Friðriksdóttur, Árnanaustum E, með krónum fimm þúsund 5.000.00 kr.

Reykjavík, 15/9 1948.

Stefán Hannesson,
Arabæ“.

Telur sóknaraðilinn Sigríður Friðriksdóttir sig hafa með þessum gerningi eignast allan þann hluta, sem Stefán Hannesson mundi hafa erft af fasteign þessari við skipti alls dánar- og félagsbúans. En þá sé um leið tekið tillit til þess, að búið eigi ekki viðbótarbyggingu þá, er Sigurður I. Hannesson hafi reist.

Sigurður Ingvar Hannesson skýrir svo frá, að faðir hans hafi á árinu 1928 og aftur árið 1935 gefið sér leyfi til að byggja við hús- ið Ánanaust E, þar á meðal leyfi til að byggja vandaðan kjallara undir húsinu. Kveðst Sigurður hafa kostað verkið, keypt timbur, miðstöðvarefni, glugga og rafleiðslur og unnið raflögn sjálfur. Þannig eigi hann langsamlega meiri part hússins.

Þá heldur Sigurður I. Hannesson því fram, að með því að Stefán Hannesson hafi með gerningi sínum á rskj. 1 afsalað sér hvers konar tilkalli til húseignarhluta þess, sem búið á, en engar eignir til í búinu utan þess hluta, verði erfingjar búsins aðeins 4. Á þessu sjónarmiði byggir hann kröfu sína um það, að viðurkennt verði tilkall hans til $\frac{1}{4}$ hluta búsins fyrir arf.

Þá hefur Sigurður lagt fram reikning til búsins, sjá rskj. 2 í málinu. Telur hann sér þar kr. 172.654.44, en kveður kr. 52.200.00 hafa greiðzt upp í kröfurnar, svo að niðurstaðan verður skuld að upphæð kr. 120.454.44. Um er að ræða fasteigna- og bruna- bótagjöld fyrir Ánanaust E árin 1957—65, samtals kr. 17.072.00, þinggjöld árin 1959—64, samtals kr. 13.786.00, fæði og þjónustu fyrir Hannes Sigurðsson árin 1956—57, samtals kr. 138.361.44, og loks jarðarfararkostnað, kr. 3.435.00.

Sóknaraðili telur, að ekki sé þörf rökstuðnings fyrir því, að búinu beri að endurgreiða sér þau opinber gjöld, sem hann hafi innt af hendi eftir dauða föður hans, enda hafi það verið gert beinlínis í þágu búsins. Hann hefur lagt fram fylgiskjöl með reikningum hér að lútandi, sjá rskj. 4—18, sem eru kvittaðir reikningar.

Hann skýrir svo frá, að faðir hans hafi síðustu æviárin fengið fæði og þjónustu á heimili þeirra sóknaraðiljanna. Bendir hann á, að Hannes Sigurðsson varð 73 ára árið 1945, er þessi kostnaður er fyrst talinn á reikningnum á rskj. 2, og hafi hann ekki getað lifað sæmilegu lífi á ellistyrk sínum og því litla, sem hann hafi getað unnið. Hefur sóknaraðili lagt fram til hliðsjónar hér að lútandi vistgjaldartaxta Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, sjá rskj. 19 og 20.

Loks krefst sóknaraðili endurgreiðslu á jarðarfararkostnaði, kr. 3.435.00, og vísar þar til reikninga á rskj. 2.

Eins og áður segir, ber reikningurinn á rskj. 2 með sér, að upp í hann hafa greiðzt kr. 52.200.00. Svo er skýrt frá af hálfu sóknaraðilja, að sonur hans Geir hafi þegið þessa fjárhæð að láni af Hannesi Sigurðssyni til bílkaupa og hafi Geir síðan endur-

greitt lánsféð til föður síns og að því er Geir hefur skýrt frá, annað hvort árið 1957 eða 1958.

Varnaraðiljar mótmæla því, að Stefán Hannesson hafi með yfirlýsingu sinni á rskj. 1 verið að afsala sér öðru og meiru en arfahlut þeim, sem þá var fallinn, sem sé móðurarfahlut sínum í dánar- og félagsbúinu. Öðru og meiru hafi hann ekki getað ráðstafað lögum og eðli málsins samkvæmt en arfi, sem fallinn var, enda aldrei látið annað í veðri vaka.

Þeir mótmæla því, að Sigurður Ingvar Hannesson hafi kostað viðbyggingu við húsið Ánanaust E. Sú viðbygging hafi verið gerð að tilhlutan Hannesar Sigurðssonar og fyrir hans fé, en synir hans, sem þá voru í heimahúsum, hafi aðstoðað hann við bygginguna.

Öllum fjárkröfum Sigurðar er mótmælt með öllu. Því er haldið fram, að Hannes Sigurðsson hafi allt til dauðadags kostað upphald sitt. Hann hafi lengst af starfað hjá Reykjavíkurborg og hann hafi notið ellilífeyris og þar eð hann bjó í eigin húsi, hafi hann getað lifað lífi sínu af eigin rammleik. Hafi hann og enga hjúkrun fengið þar á heimilinu. Aftur á móti megi segja, að Sigurður hafi frekar verið þiggjandi af honum fyrir sig og fólk sitt, enda lengst af vinnulítill. Varnaraðiljarnir benda á það, að sóknaraðiljar hafi notað húseign búsins til íbúðar fyrir sig sjálf allt frá andláti Hannesar, og fyrir það skuldi þau búinu leigu og Sigurður hafi ekki síður haft not af lóðinni, sem hann hafi fyllt af alls konar rusli.

Gegn mótmælum varnaraðiljanna þykir Sigurður Ingvar Hannesson ekki hafa gert grein fyrir því, að hann hafi kostað eða eignast viðbyggingu þá, er gerð hefur verið við húsið Ánanaust E. Verður krafa hans um það, að sá hluti húseignarinnar verði talinn búinu óviðkomandi, þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Því hefur ekki verið mótmælt, að Sigurður Ingvar hafi innt af hendi þau opinber gjöld, fasteignaskatta og þinggjöld, sem hann hefur krafizt endurgreiðslu á, enda hefur hann lagt fram kvittanir fyrir þeim, og ber þeim saman við reikninginn. Þessar greiðslur hans nema samtals kr. 30.858.00, og ber að úrskurða, að hann fái þær fjárhæðir endurgreiddar.

Þá þykir verða að úrskurða, að sóknaraðili fái endurgreiðslu á útfararkostnaði, kr. 3.435.00.

Varnaraðiljar hafa fastlega mótmælt því, að Hannes Sigurðsson

hafi þurft eða fengið þjónustu þá og fæði, er sóknaraðili nú gerir búinu reikning fyrir. Þó verður að telja eftir öllum atvikum, að svo miklar líkur séu fyrir því, að Hannes hafi fengið þjónustu og aðra fyrirgreiðslu á heimili sóknaraðiljanna síðustu æviár sín, að rétt sé að úrskurða Sigurði Ingvari nokkra fjárhæð úr búinu, enda verður ekki talið, að hann hafi eftir atvikum vangeymt rétt til að heimta slíka greiðslu. Telja má sanngjarnt, að sú fjárhæð verði ákveðin kr. 30.000.00.

Samtals fær Sigurður I. Hannesson af óskiptu búinu samkvæmt framansögðu kr. 54.293.00, en eins og áður getur, hefur hann tekið við greiðslu á skuld þeirri, er Hannes Sigurðsson átti að heimta úr hendi Geirs Sigurðssonar, kr. 52.200.00. Sú fjárhæð hefur ekki komið fram við uppskrift á búinu né heldur vextir af henni og hefði þó verið rétt að benda á þessa eign. Skiptaréttur þykir ekki hafa vald til að úrskurða, að upphæð þessi og vextir skuli greidd inn í búið, en við uppgjör á því ber að taka tillit til þess, að sóknaraðili hefur fengið nefnda upphæð upp í kröfur sínar. Með tilliti til þessa þykir ekki rétt að úrskurða, að fjárhæð sú, sem sóknaraðili fær úr búinu, skuli bera vexti, nema af því sem hún fer fram úr kr. 52.200.00 og þá frá 8. júlí 1965, er reikningurinn á rskj. 2 kom fram.

Sigurður Ingvar Hannesson fær þannig greiddar úr búinu kr. $54.293.00 - 52.200.00$, eða kr. 2.093.00, með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1965.

Yfirlýsing Stefáns Hannessonar á rskj. 1 segir, að Sigríður Friðriksdóttir hafi keypt „hluta“ hans í Ánanausti E. Stefán hefur skýrt svo frá, að með gerningi þessum hafi hann aðeins verið að ráðstafa þeim hluta, sem falla mundi til hans í arf eftir móður hans. Með tillitil þess, að frekari arfur úr búinu var ekki fallinn á þessum tíma og sóknaraðili þykir ekki hafa gert fullnægjandi grein fyrir öðrum skilningi á yfirlýsingu þessari, ber að líta svo á, að Stefán hafi afsalað í hendur sóknaraðilja Sigríði Friðriksdóttur rétti til þess hluta fasteignarinnar aðeins, sem til hans mundi falla sem móðurarfur við skipti á dánar- og félagsbúi foreldra hans.

Af þessu leiðir jafnframt, að vísað verður á bug þeirri kröfu sóknaraðiljans Sigurðar Ingvars, að eignarréttur hans að $\frac{1}{4}$ hluta alls búsins verði viðurkenndur.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili Sigurður Ingvar Hannesson fær greiddar úr dánar- og félagsbúi þessu óskiptu kr. 2.093.00 með 7% ársvxtum frá 8. júlí 1965 til greiðsludags.

Hafnað er kröfum hans um, að viðurkenndur verði eignaréttur hans að $\frac{1}{4}$ hluta dánar- og félagsbúsins og að viðbyggingu við húsið Ánanaust E verði sem hans eign haldið fyrir utan búskiptin.

Sigríður Friðriksdóttir telst eigandi að hálfum þeim hluta fasteignarinnar Ánanaust E, sem við skiptin kann að falla til erfingjans Stefáns Hannessonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 31. janúar 1969.

Nr. 27/1968. **Einar Björnsson**

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

gegn

Prentverki Odds Björnssonar h/f og gagnsök

(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 14.132.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 31.132.00 frá 30. janúar 1966 til 1. apríl 1966, en frá þeim degi af kr. 14.132.00 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. febrúar 1968. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, eru atvik máls þessa rakin. Þar er og lýst ann-